

G J A L D S K R Á

Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar

Gildir frá 1. júníjanúar 2019

Gjaldskrá fyrir hafnir Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar er sett samkvæmt heimild í 17.grein hafnarlaga nr. 61/2003.

Við ákvörðun hafnagjalda skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðarsamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnanna og njóta þjónustu þeirra.

Hafnagjöld:

Lestagjöld: 12,46 kr. á mælieiningu.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 12,46 kr. á mælieiningu en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði að jafnaði.

Bryggjugjöld:

6,24 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 klst.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og bátum undir 100 BT sem mánaðargjald.

Minni bátar yfir 20 bt. greiða **kr. 8.994,-** fyrir hvern mánuð.

Bátar milli 10 bt. og allt að 20 bt. greiða **kr6.038,-** fyrir hvern mánuð.

Bátar undir 10 bt. greiða **kr. 5.000,-** fyrir hvern mánuð.

100% álag er vegna fasts viðlegupláss.

Gjald vegna Sævars (Hríseyjarferju) bryggjugjald og lestargjald í 15 daga hvern mánuð.

Gjald vegna Sæfara (Grímseyjarferju) bryggjugjald og lestargjald í 30 daga hvern mánuð.

Önnur skip sem ekki greiða aflagjald:

Farþegagjald greitt mánaðarlega samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila s.s. hvalaskoðun/sjóstöng. 178,- kr. á farþega.

Vörugjöld:

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Hafnasjóðs

Dalvíkurbyggðar, vegna álagningar vörugjalda.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til erlendra hafna, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips

skal láta Hafnasjóði Dalvíkurbyggðar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1.fl.: Gjald 336 kr. fyrir hvert tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement, asfalt, steinefni, áburður, úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2.fl.: Gjald 399kr. fyrir hvert tonn:

Lýsi, fiskimjöl, fiskafóður og sjávarafurðir.

3.fl.: Gjald 599 kr. fyrir hvert tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurolíur, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, áfengar drykkjarvörur og ávextir.

4.fl.: Gjald 1.541 kr. fyrir hvert tonn:

Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1.-3. fl.

5.fl.: Aflagjald :

Ferskur fiskur 1,271,60%

Frosinn fiskur af brúttó verðmæti 0,80%

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimti gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Þeir viðskiptavinir Hafnasjóðs Dalvíkur sem landa meira en 15.000 tonnum á ári greiða 1,27% aflagjald af ferskum fiski. Miðað er við heildarafla ársins á undan.

Vatns- og rafmagnssala

Í samræmi við reglugerð nr. 125 frá 2015 um brennisteinsinnihald í fljótandi eldsneyti þá skulu öll skip sem liggja við hafnarbakka og geta tekið við rafmagni úr landi tengjast landrafmagni.

Þeim skipum sem unnt er að þjóna með þessum hætti er því óheimilt að keyra ljósavélar, nema viðvera þeirra í höfn sé innan við 6 klukkustundir

Rafmagn pr. kwst. **kr. 16,-** og breytist í samræmi við gjaldskrá RARIK og Orkusölunnar

Útleiga á rafmagnsmælum á viku **120 kr.**

Kalt vatn pr. tonn **278 kr.**

Vatnsgjald smábáta **399 kr.**

Lágmarksgjald **2.780 kr.**

Heitt vatn pr. tonn 350 **kr.**

Heitt vatn lágmarksgjald 3.601 **kr.**

Ef tenging fer fram utan reglubundins vinnutíma, greiðist útkall 6.305 **kr. per klst.**

Lágmarksútkall er 4 **klst.**

Móttaka skipa:

Festargjald fyrir hverja komu/brottför fyrir hvern mann er **12.878 kr.** í dagvinnu. Í yfirvinnu er það **24.389 kr.** Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því, en þó er heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

Siglingavernd:

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftirtalin gjöld:

Öryggisgjald **kr. 35.972,-**.

Öryggisgæsla per. öryggisvörð í dagvinnu **kr. 5.931 kr. per klst.**

Öryggisgæsla per. öryggisvörð í yfirvinnu **kr. 8.672 kr. per klst.**

Geymslugjald á hafnasvæði:

Hafnarbakki/vörur pr. fermetra mánaðargjald 67 **kr.**

Veiðarfæri og búnaður frítt í 5 daga síðan 2.569 **kr. pr sólarhring**

Geymslugjald á 20 feta gámi mánaðargjald 1.286 **kr.**

Geymslugjald á 40 feta gámi mánaðargjald 1.541 **kr.**

Vigtargjald:

Almenn vigtun á lönduðum afla 141 **kr. á tonn**

Flutningabílar pr. skipti 1.541 **kr.**

Vigtun lágmarksgjald pr. mánuð 1.369 **kr.**

Úrtaksgjald pr. tonn sem ekki er vigtað/Frystiskip 67 **kr.**

Kranagjald pr. tonn 258 **kr.**

Útkall milli kl. 17:00 og 08:00 virka daga, svo og um helgar, greiðist sérstaklega 6.305 **kr. per klst.** Lágmarksútkall er 4 **klst.**

Gjöld fyrir smábáta:

Bás við flotbryggju, bátar undir 10 bt. pr. mánuð 7.707 **kr.**

Bás við flotbryggju, bátar milli 10 bt. og 20 bt. pr. mánuð 8.810 **kr.**

Legufæragjald pr. mánuð **2.056 kr.**

Uppsátursgjald pr. mánuð 1.927 **kr.**

Daggjald báta undir 10 bt. 1-10 dagar pr. dag 513 **kr.**

Daggjald báta 10 bt. – 20 bt. 1–10 dagar pr. dag 572 **kr.**

Afsláttur ellilífeyrisþega 20%

Úrgangs- og förgunargjald

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,76 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.400 og hámarksgjald kr. 49.000.

b. Úrgangsgjald: Gjald skv. staflið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,36 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr 5.400 og hámarksgjald kr. 24.500.

c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.

d. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem eru undir 100 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.400 á mánuði.

e. Förgunargjald: Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. grein laga nr. 33 frá 2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa á undir förgun á úrgangi sem skilað er á land:

Farþegaskip yfir 60 metrar á lengd skulu greiða 1,50 kr. á brt. Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:

Farþegarskip undir 30.000 brt: 5 m³

Farþegaskip frá 30.000 brt. til 100.000 brt: 10 m³

Farþegaskip yfir 100.000 brt: 15 m³

Önnur skip skulu greiða 2,05 kr. á brt. Gjaldið miðast við 5 m³ af sorpi.

Greiða skal samkvæmt h-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun. Skip og bátar sem eru undir 60 metrar á lengd og hafa varanlega viðveru í höfnum Hafnasjóði Dalvíkurbyggðar skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.

Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 53.000.

f. Förgunargjald: Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum

upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.

g. Samkvæmt 11. grein laga nr. 1200 frá 2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

h. Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. grein c-lið laga nr. 33 frá 2004 hafnalaga skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 11.150 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Um breytingar á gjaldskrá Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar:

Gjaldskrá Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2018 sem er 139,9 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí ár hvert í fyrsta sinn 1. júlí 2019. Allir gjaldskrárliðir sem taka til útselt tímagjald skulu breytast miðuð við launavísitölu og er viðmiðunarvísitalan 1. júlí 2018 sem er 663,4 stig. Aflagjald í gjaldskrá breytist ekki nema með sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar.

Um innheimtu og greiðslu gjalda:

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Skipstjóri, eigandi og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar vegna skipsins. Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnanna. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Öll gjöld í þessari gjaldskrá eru án vsk.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar XX.XX.2018

Dalvíkurbyggð, x. xxxber 2019